



## RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík

sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280

kennitala: 600186 1759

# Ársskýrsla embættis ríkislögmans 2009

## I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmans árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfssemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum.

Ársskýrsla þessi er önnur ársskýrsla embættis ríkislögmans og tekur til starfsemi embættisins fyrir árið 2009.

Embætti ríkislögmans starfar samkvæmt lögum um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum, eins og fyrr er nefnt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögnum undir stjórnarráðið. Verkefni embættisins eru skilgreind í lögnum. Þau eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Uppgjör bótaskrafa sem beint er að ríkissjóði.
2. Lögfræðilegar álitserðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama samningsgerð.
3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.


Hjá embætti ríkislögmans störfuðu sex starfsmenn í lok árs 2009. Þar af eru fimm hæstaréttarlögmenn og einn ritari.

## II. Starfsemi embættisins

Á árinu 2009 var fjárheimild embættis ríkislögmans samtals kr. 65.400.000. Rekstur embættisins á árinu 2009 var innan fjárheimilda ársins. Fjárveiting til embættisins vegna ársins 2010 er kr. 65.500.000.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2009. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2008. Síðan er yfirlit yfir afgreidd mál á árinu 2009 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2009.

	Óafgreitt 31.12.2008	Ný mál 2009	Afgreidd mál 2009	Óafgreitt 31.12.2009
Dómsmál	117	142	128	131
Bótakröfur	34	100	90	44
Erindi	21	18	23	16
Tryggingabætur	35	76	91	20
Ýmislegt		6	6	
<b>Samtals</b>	<b>207</b>	<b>342</b>	<b>338</b>	<b>211</b>



Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 342 ný mál á árinu 2009. Fyrir voru samtals 207 óafgreidd mál í lok árs 2008. 338 málum var endanlega lokið á árinu 2009 og voru 211 mál óafgreidd í lok ársins.

Af nýjum málum á árinu 2009 voru 142 dómsmál. Af þeim voru 107 rekin fyrir héraðsdómi, 31 fyrir Hæstarétti og 4 fyrir Félagsdómi. Bótakröfur voru 100, erindi/álitsgerðir 18, tryggingabótakröfur 76 og önnur mál 6.

Á árinu 2009 voru afgreidd samtals 338 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 128 dómsmál, 90 bótakröfur, 23 erindi/álitsgerðir, 91 tryggingabótakröfur og 6 önnur mál.

Um síðustu áramót voru ódæmd 131 dómsmál, 44 bótakröfur voru óafgreiddar, 16 erindi/álitsgerðir og 20 tryggingabótakröfur.

### III. Töluleg sundurliðun verkefna 2009

Ný dómsmál á árinu 2009 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Dómsmál:</b>		
1	Eignarréttarmál	7
2	Félagsdómsmál	4
3	Innflytjendur, dvalarleyfi	4
4	Sjórn fiskveiða	4
5	Landbúnaðarmál	4
6	Skaðabótamál:	
	~Almenn	17
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	12
	~Skaðabætur skv. lögum nr. 69/1995	3
	~Athafnir stjórnvalda	2
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	29
	~v/bankahrun	4
7	Skattamál	18
8	Starfsmannaréttur:	
	~Almenn	2
	~Lífeyrismál	1
	~Brottvikning úr starfi / tilfærsla	2
	~Vangreidd laun	5
	~Áminning í starfi	2
9	Stjórnsýsla	8
10	Umhverfismat / mál	1
11	Útboðsmál	2
12	Þinglýsingar	1
13	Réttargæsla	2
14	Þjóðlendumál	5
15	Jafnréttismál	1
16	Aðfararmál	1
17	Önnur mál	1
	<b>Samtals</b>	<b>142</b>

Nýjar bótakröfur á árinu 2009 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Bótakröfur:</b>		
1	Skaðabætur:	
	~Almennar skaðabætur	25
	~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	14
	~Skaðabætur skv. lögreglulögum	38
	~Athafnir stjórnvalda	1
	~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	19
2	Stjórn fiskveiða	1
3	Stjórnsýsla	2
	<b>Samtals</b>	<b>100</b>

Nýjar tryggingabótakröfur á árinu 2009 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

**Tryggingabætur:**

Tryggingabætur skv.

1	Kjarasamningi	
	~almennt	73
	~dánarslysabætur	2
	~endurmat	1
	<i>Samtals</i>	<i>76</i>

Ný erindi á árinu 2009 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

**Erindi / álitserðir:**

1	Almenn erindi	5
2	Álitserðir	
	~almennt	4
	~v/bankahrún	2
3	Dómkvaðning matsmanna	2
4	Mannréttindadómstóll Evrópu	1
5	Umsagnir	2
6	Endurupptaka	2
	<i>Samtals</i>	<i>18</i>

Önnur mál:

**Ýmislegt:**

1	Ýmis mál	6
		<b>6</b>

Reykjavík, 14. júní 2010

Skarphéðinn Þórisson hrl.